

Algeng meðferð tjónamála

Tjónstilkynning

Eigandi eða fulltrúi hans, sendir tjónstilkynningu í gegnum heimasíðu NTÍ, www.nti.is.

Tjónamat

Ef tilkynning uppfyllir skilyrði um tjónamat er málið sent til óvilhallra matsmanna sem starfa sjálfstætt.

Matsgerð

Að loknu tjónamati á tjónsstað skrifa matsmenn matsgerð og skila til NTÍ. Algengur vinnslutími eru 3-5 vikur.

Nidurstæða

Eigendur fá matsgerð til kynningar og fá tækifæri til að koma að sínum sjónarmiðum áður en ákvörðun er tekin.

Ákvörðun og uppgjör

Eftir að farið hefur verið yfir sjónarmið eigenda tekur NTÍ ákvörðun í málinu.

Ef tjón á húseign nemur hærri fjárhæð en 15% af brunabótamati eignarinnar eða hefur áhrif á öryggi húseigna eða hollustuhætti, ber NTÍ að tryggja að váttryggingabótum sé réttilega varið áður en tjónabætur eru greiddar út.

Ef greiddar eru fullar bætur vegna tjóns á váttrygðum lausamunum, öðlast NTÍ fullan eignar- og ráðstöfunarrétt á þeim.

Til upplýsinga

Mikilvægt er að tilkynna um tjón sem allra fyrst til að flýta fyrir meðferð málsins og auðvelda skipulag matsstarfa.

Tjón eru tilkynnt á heimasíðu Náttúruhamfara-tryggingar Íslands, www.nti.is. Ofarlega til hægri á síðunni er blár hnappur þar sem sendur “Tilkynna tjón”.

Þið skráið ykkur inn með rafrænum skilríkjum eða Íslykli og skráið stutta lýsingu á tjóninu. Ef þið lendið í vandræðum með skráningu á tjónstilkynningu þá hafið samband í síma 575-3300. Einnig er hægt að senda tölvupóst á nti@nti.is og óska eftir að haft verði samband við ykkur í síma.

Váttrygður skal varðveita skemmda eign eða hlut eftir því sem kostur er, þar til hann fær tjónið bætt. Váttrygður skal gefa Náttúruhamfaratryggingu Íslands kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum eignum eða lausafé er ráðstafað. Fargi váttrygður skemmdum eignum eða hlutum getur það varðað lækkun eða missi bóta.



Hlutverk NTÍ

NTÍ er opinber stofnun sem hefur það hlutverk að váttryggja helstu verðmæti gegn náttúruhamförum sem valda umtalsverðu tjóni á fasteignum og brunatryggðu lausafé.

Eldgos og jarðskjálftar eru meðal þeirra atburða sem falla undir bótaskyld tjón hjá NTÍ. Í reglugerð um NTÍ kemur fram að það flokkist undir eldgos sem bætt er af NTÍ þegar hraun, aska, gas eða gjóska veldur skemmdum eða eyðileggingu á váttryggðri eign. Það telst ekki bótaskyldur atburður ef aska hefur sest en berst síðar með vindi á váttryggða eign og veldur skemmdum eða eyðileggingu. Sama gildir ef öskufall veldur ekki beinu tjóni en krefst hreinsunar.

- ✓ Eigandi ber 2% eign áhættu af hverju tjóni.
- ✓ Eign áhætta á húseignum er að lágmarki kr. 400.000,-
- ✓ Eign áhætta á lausafé er að lágmarki kr. 200.000,-

Hvað er tryggt og hvernig?

Allar húseignir á Íslandi eru váttryggðar hjá NTÍ fyrir meiri háttar tjóni af völdum eldgosa. Innheimta iðgjalda fer fram í gegnum almennu váttryggingafélögin.

Lausafé er aðeins váttryggt gegn náttúruhamförum, ef það er brunatryggt hjá einu af almennu váttryggingafélögunum (t.d. með heimilistryggingu). Lausafé sem ekki er brunatryggt fæst ekki bætt.

Iðgjaldið nemur 0.025% af brunabótamati hins váttryggða.



Ef þú tekur ljósmynd af þessum QR kóða opnast spurningar og svör á vefsíðu NTÍ.

☎ 575 3300

🌐 www.nti.is

Upplýsingar fyrir íbúa á Reykjanesi



Náttúruhamfaratrygging Íslands